


# Vatnajökulsþjóðgarður

- Loftslagsstefna -



13.03.2020  
Útgáfa 1.0

Nr.: SSK-013	<b>01 Stefnuskjal</b>	 <b>VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR</b>
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 13.03.2020		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	SSK-013 Loftslagsstefna	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 2 af 4		

## Loftlagsstefna

Stjórnunar- og verndaráætlun er mikilvægasta stefnuskjal Vatnajökulsþjóðgarðs en þar kemur fram að sjálfbærni og náttúruvernd eru leiðarljós í öllu starfi þjóðgarðsins og er undirstaða allra ákvarðana.

### Framtíðarsýn

***Vatnajökulsþjóðgarður er til fyrirmyndar í loftslagsmálum og er öflugur í að miðla fræðslu til almennings um loftslags- og umhverfismál.***

Megin hlutverk þjóðgarðsins eru náttúru- og minjavernd, fræðsla til almennings og atvinnuuppbygging í nágrenni þjóðgarðsins. Miðlun þekkingar um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á jökla, lífríki og líffræðilega fjölbreytni innan Vatnajökulsþjóðgarðs er eitt af megin þeimur í fræðsluáætlun þjóðgarðsins. Sjálfbærni og umhverfismál eru einnig lykilatriði í atvinnuuppbyggingu í þjóðgarðinum og nærsamfélagi hans.

## Meginmarkmið Loftlagsstefnu – DRAGA ÚR LOSUN

*Vatnajökulsþjóðgarður stefnir á að vera kolefnishlutlaus stofnun í lok árs 2021.*

### Fræðsla

*Stefnt er að því að leggja ríka áherslu á loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á náttúru og lífbreytileika í Vatnajökulsþjóðgarði í fræðslustarfi á öllum starfsstöðvum hans árið 2020. Eitt af markmiðum fræðslustefnu er að stuðla að náttúruvernd í verki og sjálfbærri ferðamennsku. Loftslagsbreytingar og sambúð manns og náttúru eru dæmi um sameiginleg viðfangsefni í fræðslu í Vatnajökulsþjóðgarði.*

### Stefnt er að því að draga úr losun á koltvísýringi frá stofnuninni:

#### vegna samgangna

*Stefnt er að því að minnka losun á koltvísýringi vegna samgangna um 10 % - miðað við ársverk árið 2020:*


- Akstur á vegum þjóðgarðs (eignabílar, bílaleigubílar og leigubílar)
- Akstur til og frá vinnu (samgöngusamningar).
- Flug (innanlands og erlendis)
- Akstur gesta þjóðgarðsins (lægri bílastæðagjöld, orkuskipti, fleiri rafstöðvar – bíll og hjól -> hvatning, fjárhagslegur ávinningur)
- Flutningur á vörum

Sjá nánar í umhverfisstefnu og samgöngustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs.

#### vegna innkaupa

*Stefnt er að því að 90% af rekstrarvörum þjóðgarðsins séu vottaðar umhverfismerkjum árið 2020.*

Unnið er að því að öll innkaup stofnunarinnar vegna fjárfestinga eða kaupa á vörum, endursöluvörum og þjónustu innan þjóðgarðsins séu vistvæn. Innkaupastefnan er byggð á lögum og reglugerðum um opinber innkaup, innkaupastefnu ríkisins og innkaupastefnu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Sjá nánar í innkaupastefnu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Nr.: SSK-013	<b>01 Stefnuskjal</b>	 VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 13.03.2020		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	SSK-013 Loftslagsstefna	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 3 af 4		

### vegna úrgangs

*Stefnt er að því að minnka úrgang um 10% (ársverk/gestir) árið 2020*

Unnið er að því í þjóðgarðinum að draga úr myndun úrgangs og stuðlað að endurnýtingu og endurvinnslu hans bæði hjá starfsfólki og gestum þjóðgarðsins.

Sjá nánar í umhverfisstefnu Vatnajökulsþjóðgarðs.

### vegna orkunotkunar

*Stefnt er að því að minnka orkunotkun um 10 % (ársverk/gestir) 2020.*

- Fasteignir - orkusparnaðaraðgerðir
- Losun v/gas- og oliukyndingar á hálendi

Sjá nánar í umhverfisstefnu Vatnajökulsþjóðgarðs.

### vegna landnotkunar

*Stefnt er að því að greina í samvinnu við viðeigandi fagstofnanir hvort landnotkun í Vatnajökulsþjóðgarði sé sjálfbær.*

Meginhlutverk Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs er að stýra álagi og landnotkun innan þjóðgarðsins. Vatnajökulsþjóðgarður hefur sjálfbærni að leiðarljósi við stjórnun og nýtingu gæða, að tryggja góða sátt og jafnvægi milli verndunar og nýtingar á auðlindum Vatnajökulsþjóðgarðs og taka tillit til þarfa og væntinga ólíkra aðila.

Fylgjast þarf með áhrifum landnotkunar á vistkerfi, líffræðilegan fjölbreytileika og einstakar tegundir lífvera.

### vegna atvinnuuppbyggingar

*Við gerð atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs er rík krafa gerð á atvinnulífið um sjálfbærni og loftslagsmál.*

Eitt af markmiðum Vatnajökulsþjóðgarðs er atvinnuuppbygging í nærsamfélagi þjóðgarðsins. Meginmarkmið atvinnustefnu er að móta skýrar reglur varðandi atvinnu inni í þjóðgarðinum sem tryggja að starfsemi innan hans falli að stefnu hans í náttúruvernd, umhverfis-, skipulags- og atvinnumálum.

### **BINDA KOLEFNI (CO<sub>2</sub>)**

Stefnt er að því að greina hvort sóknarfæri séu innan þjóðgarðs til að binda kolefni í samvinnu við viðeigandi fagstofnanir, með endurheimt vistkerfa:


- endurheimt votlendis, (Votlendissjóður)
- uppgæðsla (Landgræðsla)
- endurheimt birkiskóga (Skógræktin)

Vatnajökulsþjóðgarður leggur sitt af mörkum til kolefnisjöfnunar árið 2021.

### **MÆLANLEGUR ÁRANGUR**

*Vatnajökulsþjóðgarður stefnir að því að hafa lokið innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri árið 2021. Vatnajökulsþjóðgarður skilar grænu bókhaldi.*

Vatnajökulsþjóðgarður er þátttakandi í grænum skrefum í ríkisrekstri og er í samvinnu við Klappir ehf. varðandi utanumhald um grænt bókhald. Mælanleg markmið eru lykillinn að árangri. Einnig er þjóðgarðurinn þátttakandi í Vakanum – gæða og umhverfsvottun ferðapjónustunnar. Margar stefnur þjóðgarðsins tengjast loftslagsstefnunni beint, svo sem stefna um umhverfismál, fræðsla, samgöngur, innkaup og atvinnuuppbyggingu, því er vitnað til þeirra í skjalinu. Umhverfisstjórnun og aðgerðaáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs í umhverfis- og loftslagsmálum er í endurskoðun. Stefnt er að því að endurskoðun verði lokið vorið 2020.

Nr.: SSK-013	<b>01 Stefnuskjal</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 13.03.2020		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	SSK-013 Loftslagsstefna	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 4 af 4		

## Aðgerðaáætlun loftslagsstefnu

### Áherslur í loftslagsstefnu Vatnajökulsþjóðgarðs

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Umhverfisstjórnun og aðgerðaáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs í umhverfis- og loftslagsmálum er í endurskoðun. Stefnt er að því að endurskoðun verði lokið vorið 2020.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Fræðslufulltrúi Þjóðgarðsverðir Mannvirkja- og gæðafulltrúi Sérfræðingur á skrifstofu	Apríl 2020
Þjóðgarðurinn er þátttakandi í grænum skrefum í ríkisrekstri og er í samvinnu við Klappir ehf. varðandi utanumhald um grænt bókhald. ( <i>Grænu maurarnir</i> )	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars 2021
Einnig er þjóðgarðurinn þátttakandi í Vakanum – gæða og umhverfisvottun ferðaþjónustunnar.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Apríl 2020
Margar stefnur þjóðgarðsins tengjast loftslagsstefnunni beint svo sem stefna um umhverfismál, fræðslu, samgöngur, innkaup og atvinnuuppbyggingu því er vitnað til þeirra í skjalinu. Samræming stefna þjóðgarðsins.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir Sérfræðingur á skrifstofu	Mars 2021

### Meginmarkmið

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Vatnajökulsþjóðgarður stefnir að því að hafa lokið innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri árið 2021	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir <i>Grænu maurarnir</i>	Vor 2021
Vatnajökulsþjóðgarður skilar grænu bókhaldi.	Fjármálastjóri Bókari, Þjóðgarðsverðir	Mars
Vatnajökulsþjóðgarður er kolefnishlutlaus stofnun. Kaupa kolefnisjöfnun.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Nóvember 2021
Vatnajökulsþjóðgarður minnkar losun á koltvísýringi vegna samgangna (ársverk) um 10%.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Nóvember 2020
Vatnajökulsþjóðgarður mun auka hlutfall umhverfisvottaðra vara í innkaupum í 90%.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Nóvember 2020
Vatnajökulsþjóðgarður mun minnka úrgang um 10% (ársverk/gestir).	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Nóvember 2020
Vatnajökulsþjóðgarður mun minnka orkunotkun húseigna um 10% (ársverk/gestir).	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Nóvember 2020
Koma á samvinnu og samráði við fagstofnanir (Landgræðslan, Landbúnaðarháskóli Íslands, Skógræktin) um sjálfbæra landnotkun innan þjóðgarðs.	Þjóðgarðsverðir	Apríl 2024

### Endurskoðun stefnunnar

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Loftslagsstefnan er endurskoðuð á þriggja ára fresti eða oftár ef þörf krefur.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir Sérfræðingur á skrifstofu	Mars 2021